

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Ásahreppi.

1. gr.

Ásahreppur innheimtir gjald fyrir hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur í Ásahreppi, nr. 865/2022.

2. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 11. gr. samþykktar um fráveitur í Ásahreppi. Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–6.000 lítra	kr. 12.500
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 2.500 pr./m ³
Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað annað hvert ár skal vera eftirfarandi:	
Rotþró 0–6.000 lítra	kr. 19.000
Rotþró 6.001 lítra og stærri kr.	kr. 3.750 pr./m ³
Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað á hverju ári skal vera eftirfarandi:	
Rotþró 0–6.000 lítra	kr. 34.000
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 7.500 pr./m ³

3. gr.

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, skal greiða sérstaklega skv. gjaldskrá losunar- og móttöku-aðila.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af hreppsnefnd Ásahrepps 15. nóvember 2023, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og á grunni 11. gr. samþykktar um fráveitur í Ásahreppi nr. 865/2022. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Ásahreppi, 15. nóvember 2023.

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.